

Stjórnarfundur STEFs 21. maí 2026 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn mánudaginn 21. maí 2026 kl. 18:15 að Laufásvegi 40.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Magnús Jóhann Ragnarsson, Hrafnkell Pálmarsson, Sóley Stefánsdóttir og María Huld Markan. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Þetta var fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar, haldinn í kjölfarið á fulltrúaráðsfundi.

Gengið var til dagskrár.

1. Stjórn skipti með sér verkum og kaus sér formann og varaformann.
Bragi Valdimar Skúlason bauð sig fram til formannssetu og var sjálfkjörinn. Páll Ragnar Pálsson bauð sig fram sem varaformaður og var einnig sjálfkjörinn.
2. Tillögur að fundardögum.
Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að fundardögum stjórnar fyrir sumar og næsta haust.
3. Skipan stjórnar Samtóns.
Í ljósi þess að Halldór Smáráson steig út úr stjórn STEFs, en hann var fulltrúi STEFs í stjórn Samtóns, þá var nauðsynlegt að skipa nýjan aðila í stjórn Samtóns. Ákveðið var að Hrafnkell Pálmason kæmi inn í stjórn Samtóns.
4. Heiðursmerki Bubba Mortens.
Ákveðið var að Sóley og Páll Ragnar yrðu fulltrúar STEFs og myndu afhenda Bubba heiðursmerki í beinni útsendingu í aðdraganda að afmælistónleikum hans 5. júní.
5. Önnur mál.
Engin önnur mál voru borin upp og var fundi slitið kl. 18:30.